

5. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 3. og 4. gr., með þeim kjörum og skilmálum, sem hann ákveður.

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt, fyrir hönd ríkissjóðs, að ábyrgjast skuldbreytingalán, sem viðskiptabankar í eigu ríkisins veita oliufélögum, vegna halla, sem myndast hefur til loka september-mánaðar 1979 á innkaupajöfnunarreikningum þeirra fyrir gasolíu, að fjárhæð allt að 2 800 millj. króna, með skilmálum, sem fjármálaráðherra ákveður.

7. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka skammtímalán hjá Seðlabanka Íslands til að fjármagna tímabundinn mismun tekna og gjalda ríkissjóðs allt að 4 500 millj. kr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 9 13. febr. 1970, um Iðnþróunarsjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á samningnum sem gerðar voru í Reykjavík 29. apríl 1980.

Texti breytinganna fylgir lögum þessum og teljast þær hluti af þeim. Þegar þær hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði samningsins þannig breytt hafa lagagildi hér á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

A. 5. mgr. 2. liðs samningsins orðist svo:

Ábyrgð Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar á skuldbindingum sjóðsins er takmörkuð við hlutdeild þeirra í stofnfénu á hverjum tíma. Ísland er á

sama hátt ábyrgt fyrir skuldbindingum sjóðsins með sínum hluta stofnfjárins og ber auk þess eitt ábyrgð á þeim skuldbindingum umfram stofnféð, sem sjóðurinn kann að taka á sig vegna ábyrgða og lántöku, sbr. 4. lið.

B. 4. liður samningsins orðist svo:

4. Starfshættir.

Sjóðurinn starfar að verkefni sínu með því:

- a) að veita lán til ákveðinna verkefna, annaðhvort einn eða í samvinnu við aðra aðila,
- b) að ábyrgjast lán sem veitt eru af öðrum aðilum.

Fé til lánveitinga fær sjóðurinn af stofnfé sínu, tekjum og með lántökum og skulu lánveitingar ákveðnar í samræmi við viðurkennd bankaleg og efnahagsleg sjónarmið. Sjóðurinn skal stefna að því að tryggja eðlilega ávöxtun stofnfjárins og þess er hann tekur að láni og forðast ónaúðsynlega áhættu.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita lán með sérlega hagstæðum kjörum eða framlög, m. a. til tækniástoðar, rannsókna og markaðsathugana. Slík lán eða framlög mega samtals ekki nema meira en 10% af stofnfénu. Frá og með árinu 1980 er í sama tilgangi heimilt að ráðstafa til viðbótar 10% af eigin fé sjóðsins eins og það verður í byrjun ársins 1980, auk 10% af rekstrarafgangi hvers árs, í fyrsta skipti af rekstrarafgangi ársins 1980.

Lán, framlög eða ábyrgðir má veita til fyrirtækja í einkaeign eða í eigu opinberra aðila og til fjárfestingarlánasjóða, sem hafa sama tilgang og sjóðurinn.

Sjóðurinn skal hafa náð samstarf við íslenskar lánastofnanir sem veita lán til iðnaðar.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.

L Ö G

**um breyting á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 63 frá 29. mars 1961,
sbr. lög nr. 71 frá 28. apríl 1962.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar lögskráð er úr skiprúmi, hvort heldur er með skriflegri tilkynningu eða á annan hátt, skal útgerðarmaður eða skipstjóri tafarlaust láta viðkomandi skipverja vita um lögskráninguna, ef hann er ekki viðstaddur. Ber útgerðarmanni eða skipstjóra að sanna að skipverja hafi verið tilkynnt um lögskráningu úr skiprúmi, ef um er deilt. Nú hefur skipverja eigi borist vitneskja um lögskráningu úr skiprúmi á réttum tíma, og er honum þá heimilt að vefengja gildi lögskráningarinnar með því að bera upp andmæli við lögskráningarstjóra.